

Einelti

Erindi Krístrúnar Höllu Gyöfadóttur og Arnórs Gunnars Gunnarssonar á málþingi Barnaheilla 26. maí 2010.

Einelti er lúmskt fyrirbæri sem oft er mjög erfitt að takast á við. Það margt sem þarf að huga að í eineltisumræðunni, krökkum er kennt margt um einelti en of oft er sýnd ákveðin staðalmynd sem festist við einelti og í hugum barnanna verður aðeins þessi og ekkert annað einelti. Dæmi um slíka staðalmynd er lágvaxinn, sjónskertur og líklega ljótur einstaklingur, sem getur ekki varið sjálfan sig gegn stórum hópi feitra fanta eða öðrum hópi sem talinn er töff innan bekkjarins, hópurinn tekur tösku viðkomandi og kastar á milli, stingur höfðinu á honum ofan í klósett og binda hann við ljósastaur. Það að þessar staðalmyndir séu til er mjög slæmt, þær gefa ranga sýn á einelti þótt þær geti vissulega komið í veg fyrir að krakkar leggi í einelti með þessum hætti. Hins vegar átta krakkarnir sig ekki á að það að hvísla, útiloka, baktala, dreifa lygasögum og annað slíkt sé einnig slæmt einelti jafnvel þótt það sé ekki í mjög miklu magni. Það gerist oft í bekkjum að ákveðinn hópur myndast sem af einhverjum ástæðum er álitinn betri, svalari og jafnvel klárari en aðrir, þessi hópur fær í flestum tilvikum að setja langflestar ef ekki allar leikreglur bekkjarins. Okkur finnst að það þurfi að setja aukna áherslu á einstaklinginn í skólakerfinu og góða sjálfsmynd, að innræta í krakka að vera góðir við náungan en ekki síst við sjálfan sig. Það að læra að þykja vænt um sjálfan sig og meta eigin verðleika leiðir til þess að krakkar eiga auðveldara með að standa upp fyrir sjálfum sér, benda á það

Þegar aðrir verða fyrir aðkasti og ekki síst bera virðingu fyrir öðrum. Það er mikilvægast af öllu að hver einstaklingur læri að það sé gott að hafa sín eigin sérkenni og að engar tvær manneskjur séu eins og því ber okkur skylda til að bera jafna virðingu gagnvart öllum skólasystkinum okkar, líka þeim sem þykja öðruvísi eða eru af einhverjum ástæðum útundan. Það er mikilvægt fyrir börnin að á þau sé hlustað og tekið mark á þegar þau segja frá hlutum jafnvel þótt þeir hljómi smávægilegir. Það er líka mjög alvarlegt að oftúlka frásagnir barna eða léttvægilega stríðni, að kenna barni um að leggja aðra í einelti er alvarleg ásökun og getur haft neikvæð áhrif á barnið fyrir lífstíð. Þetta á því ekki að gera að ástæðulausu. Þótt líti út fyrir að krakkar séu skildir út undan getur oft verið að það sé ekki viljandi gert. Ef til vill eru þeir sem „skilja út undan“ aðeins feimnir við að bjóða fleirum með sér og er því auðveldlega hægt að misskilja það. Því verða sumir, fyrir einskæra tilviljun, einir. Til eru ýmsar leiðir til að laga það, t.d. setti gamli skólinn minn/hans Arnórs upp sólar víðs vegar á skólalóðinni og gátu krakkar komið þangað ef þeir voru einmana eða höfðu lítið að gera. Var þetta ekki aðeins fyrir einmana krakka heldur líka fyrir hópa af krökkum sem vissi ekki hvað það átti að gera. Eldri krakkar eða aðrir viðstaddir fóru síðan með þessum krökkum í leiki eða eitthvað svoleiðis. Reyndar var þetta fyrir sett á laggirnar þegar ég var í áttunda bekk (og þetta var fyrir yngri deildir) og þess vegna vitum við ekki nákvæmlega hversu vel þetta gekk – en þetta er þó a.m.k. góð hugmynd.

Til að sporna við einelti hafa skólar tekið upp eineltisáætlanir, sem hafa þann tilgang að hjálpa bæði fórnarlömbum eineltis og gerendum. Til dæmis var Olweusar-áætlunin í mótun þegar við vorum á okkar yngri árum í grunnskóla.

Hluti af áætluninni er að leggja svokallaðari eineltiskannanir fyrir alla bekki grunnskólans á hverju ári. Þar eru nemendur spurðir hvort þeir séu lagðir í einelti og á hvaða hátt. Enn fremur eru þeir spurðir hvort þeir leggi aðra í einelti. Ekki vitum við til þess að þetta hafi borði árangur þar sem hægt er að segja ósatt í þessum könnunum og margir vita ekki hvað einelti er. En þær hafa þó líklega hjálpað upp að vissu marki.

Þegar við vorum í 10. bekk var t.d. myndasamkeppni þar sem krakkar áttu að teikna mynd sem þeim fannst tengjast einelti.

Við teljum það hafa verið mjög sniðugt og hafa hjálpað til við að leyfa börnum að uppgötva hvað þeim finnst um einelti og hjálpar um leið öðrum að sjá hver ímynd eineltis er meðal krakkanna.

Mikilvægt er að haldnir séu bekkjarfundir þar sem allir í bekknum eru jafningjar og allir hafa jafnmikið tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri. Þannig geta krakkarnir lært að þeir séu allir jafnir innan bekkjarins og hafa jöfn tækifæri og aðrir.

Það helsta sem við teljum að mætti betur fara er að hinni svokölluðu staðalímynd af einelti verði útrýmt og að börn öðlist skilning á einelti í víðara samhengi með fræðslu í skólanum, auk

Þess sem að nauðsynlegt er að styrkja sjálfsmynd nemenda. Lífsleiknitímar eru kjörnir í þetta og má passa að þeir fari ekki í eitthvað sem hentar aðeins kennurunum, eins og t.d. að klára námsefni sem ekki náðist að klára í öðrum tímum. Við vonumst til að einelti í skólum verði upprætt með skilvirkum aðgerðum og jákvæðu hugarfari.

Takk fyrir okkur.

Eva í Seljaskóla